

hefði átt að vera fyrir stefnda að útvega sér umboðsmann, strax og hann kom úr göngunum, eða tilkynna dómara forföll. Til þess var þó það naumur og óhentugur tími, að eftir atvikum verður stefnda ekki talið það til vanrækslu, þótt hann brysti snarræði til að gera tilraun til þess, enda var það tilviljun ein, sem réði því, að mál hans var tekið fyrir fyrst mála á bæjarþinginu.

Samkvæmt þessu telst stefndi hafa haft lögmæt forföll samkvæmt 4. mgr. 118. gr. einkamálalaganna, sbr. 9. gr. sömu laga, b-lið, og ber því að taka kröfu hans um endurupptöku málsins til greina.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal endurupptekið.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 188/1951. **Ársæll Jónasson** (Ragnar Jónsson)

gegn

Páli Einarssyni og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. desember 1951. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða einungis kr. 66.666.66 og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að

greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Áfrýjun máls þessa af hendi aðaláfrýjanda var gersamlega ófyrirsynju, og ber að víta hana.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ársæll Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Páli Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Páll Einarsson, Eiríksgötu 23 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. f. m., gegn Ársæli Jónassyni, Hringbraut 63 hér í bænum, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 200.000.00, með 6% ársvöxtum frá 8. september 1951 til greiðsludags, $\frac{3}{4}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og málskostnaðar.

Víxill þessi er útgefinn af stefnanda hinn 8. maí 1951 og samþykktur af stefnda til greiðslu 8. september s. á., en Einar Eyfells, Skólavörðustíg 4 C hér í bæ, er ábekingur.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að víxill þessi hafi upphaflega verið seldur í banka og féð notað til björgunarframkvæmda, er þeir víxilskuldarnir hafi verið í félagi um. Hafi þeir jafnframt gert samning þess efnis, að hver þeirra greiddi einn þriðja hluta víxilfjárhæðarinnar. Kveðst stefndi því fús að greiða þriðjung hennar, en telur sér óskýlt að greiða meira.

Gegn andmælum stefnanda fær stefndi ekki komið að þessari varnar-ástæðu í víxilmáli samkvæmt ákvæðum 208. gr. laga nr. 85 frá 1936. Kemur hún því ekki til álita hér. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ársæll Jónasson, greiði stefnanda, Páli Einarssyni, kr. 200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 8. september 1951 til greiðsludags, $\frac{3}{4}\%$ víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.